



Reykjavík 15. september 2021

Það er mjög mikilvægt að eldvarnafulltrúi /eigandi skili gögnum til slökkviliðs eins fljótt og kostur er til að koma í veg fyrir kostnað sem getur hlotist við meðferð máls. Allir þurfa að skila inn gögnum vegna:

- Brunaviðvörðun.
- Leiðarlýsing/merkingar.
- Neyðarlýsingar.
- Flóttaleiða, að þær séu greiðfærar og opnast án lykils eða annarra verkfæra.
- Tilnefningar eldvarnafulltrúa, þarf að vera til staðar fyrir frekari samskipti.
- Annars viðurkennds slökkvibúnaðs í húsnæðinu eins og vatnsúðakerfi, slökkvikerfi ofl.
- Handslökkvibúnaðar eins og slökkvitækja og brunaslanga.

Eftirfarandi gögn þarf eigandi /eldvarnafulltrúi að staðfesta við slökkvilið:

- Eigandi eða eldvarnafulltrúi í hans umboði staðfestir skriflega til slökkviliðs það sem farið er fram á.
 - Eldvarnafulltrúi verður að hafa verið tilnefndur skriflega af eigenda hússins í samræmi við reglugerð 723/2017.
- Fagaðili sér um að fylla út eyðublöð og senda á eiganda/eldvarnafulltrúa sem sendir gögn áfram til slökkviliðs.
- Þjónustuaðili sér um að gefa út skýrslur til eiganda/eldvarnafulltrúa sem sendir þær áfram til slökkviliðs.
- Sjá nánar hér:
 - [Eldvarnafulltrúi](#)
 - [Reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit](#)
 - [Byggingarreglugerð](#)

Flóttaleiðir:

- Allir aðilar eiga að vera með flóttaleiðir í lagi.
- Skrifleg staðfesting eldvarnafulltrúa að flóttaleiðir séu greiðfærar.

Sjá nánar [hér](#).

Eigið eldvarnaeftirlit:

Staðfesting eldvarnafulltrúa á að eigið eldvarnaeftirlit sé skipulagt, skráð og reglubundið.

Sjá nánar hér:

- [Eigið eldvarnaeftirlit](#)
- [Eldvarnabandalagið](#)

Viðbragðs- og rýmingaráætlun

Staðfesting eldvarnafulltrúa að viðbragðs- og rýmingaráætlun sé til staðar, æfð, uppfærð og kennd. Sjá nánar [hér](#).



Reykjavík 15. september 2021

Aðaluppdrættir / teikningar

Staðfesting eldvarnafulltrúa að húsnæðið sé í samræmi við síðustu samþykktu aðaluppdrætti. Sjá nánar [hér](#).

Annar búnaður sem tengist brunavörnum

- Oft er annar sértækur búnaður til brunavarna í mannvirkjum og eldvarnafulltrúi á að vita hvaða búnaður það er og hafa reglubundið eftirlit með honum eins og öðrum eldvarnabúnaði.
- Eldvarnafulltrúi sendir staðfestingar réttara aðila fyrir allan annan búnað sem tengist eldvörnum í því húsnæði sem hann er eldvarnafulltrúi í.
- Ef ekki er annar búnaður en kemur fram hér að ofan þá þarf eldvarnafulltrúi að staðfesta að ekki er um neinn annan búnað í húsnæðinu í samræmi við aðaluppdrætti.

Fagaðili

- Fagaðili á að fylla út eyðublöð og senda á eiganda/eldvarnafulltrúa sem sendir áfram til slökkviliðs.
- Allir aðilar eiga að vera með leiðarlýsingu/leiðarmerkingar og neyðarlýsingu.

Leiðarlýsing/leiðarmerkingar

- Staðfesting rafvirkja á að leiðarmerkingar séu í samræmi við aðaluppdrætti. Sjá nánar [hér](#).
- Staðfesting rafvirkja sé samkvæmt leiðbeiningum 9.4.12, sjá nánar [hér](#).

Háfar og lagnir

- Blikksmíðameistari staðfestir að lagnir séu í samræmi við leiðbeiningar SHS, sjá nánar [hér](#).
- Staðfestingu fagaðila að útsogslagnir hafi verið þrífarnar

Þjónustuaðili

Sér um að gefa út skýrslu til eiganda/eldvarnafulltrúa sem sendir þær áfram til slökkviliðs. Þetta á við um þá sem eru með brunaviðvörðunarkerfi og eiga að vera með brunaviðvörðunarkerfi samkvæmt aðaluppdráttum.

Brunaviðvörðunarkerfið

- Skoðunarskýrsla þjónustuaðila (án athugasemda)
- Afrit af þjónustusamningi við þjónustuaðila.
- Staðfesting á að brunaviðvörðunarkerfið sé tengt vaktstöð.
- Sjá nánar [hér](#).



Reykjavík 15. september 2021

Önnur slökkvikerfi

- Afrit af þjónustusamningi við þjónustuaðila
- Skoðunarskýrsla þjónustuaðila (án athugasemda)
- Staðfesting á að slökkvikerfið sé tengt vaktstöð
- Sjá nánar [hér](#).

Vatnsúðakerfi

Verður að vera yfirfarið, þjónustað og sett upp samkvæmt viðaukum A-Q

- Afrit af þjónustusamningi við þjónustuaðila.
- Skoðunarskýrsla þjónustuaðila (án athugasemda).
- Staðfesting á að vatnsúðakerfið sé tengt vaktstöð.
- Sjá nánar um slökkvikerfi [hér](#) og leiðbeiningar um brunavarnir [hér](#).

Slökkvikerfi

Staðfesting fagaðila á að slökkvitæki séu yfirfarin og í lagi. Sjá nánar [hér](#).

Brunaslöngur/slöngukefli

Staðfesting fagaðila á að brunaslöngur séu í lagi, sjá nánar [hér](#).